

ANTIKA EHF 2019

Fornleifaskráning Grundir og Ásar í Garðabæ

Vegna breytingar á deiliskipulagi

Ragnheiður Traustadóttir

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

www.antikva.is

Útgefandi: Antikva ehf.

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af höfundum nema að annað sé tekið fram.

@ Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Tilgangur fornleifaskráningar.....	6
Fornleifaskráning og aðferðir.....	8
Númer minja	8
Tegund, hlutverk og heiti.....	9
Staðsetning.....	9
Staðhættir og lýsing	10
Hættumat	10
Mótvægisaðgerðir.....	10
Fornleifar	11
Troðningar-leið [864] gata leið.....	11
Neðri fossavað - brú [1503] heimild vað og brú.....	12
Mógrafir - Hraunsholtsmýri [1510] heimild.....	12
Ofanmannabúð uppsátur [1520] heimild	13
Kænubarð uppsátur [1522] heimild	13
Réttartangi -rétt [1529] heimild um rétt.....	13
Samantekt og niðurstöður.....	13
Heimildir	15
Árnastofnun-Örnefnasafn	15

Ljósmyndaskrá


Mynd 1 Skjáskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.	6
Mynd 2 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.	9
Mynd 3 Vinnukort fyrir herforingjaráðskortið.....	12

Inngangur

Að beiðni Sólveigar Helgu Jóhannsdóttur fyrir hönd Garðabæjar þann 15. október tók skýrsluhöfundur að sér að skrifa skýrslu um fornleifar á svæði sem hefur verið kallað Grundir og Ásar í gildandi deiliskipulagi á svæðinu frá 2001. Til stendur að gera breytingar á tveimur svæðum:

Svæði 1: Svæðið sem breytingin nær til afmarkast af Haunsholtslæk í vestri, Ægisgrund í suðri og Þórsgrund í norður.

Svæði 2: Svæðið sem um ræðir markast af Lyngási (.Lyngás svæði L1 og L2) til norðurs, Ásabraut til vestur og suðurs og Stórasi til austurs.




Mynd 1 Skipulagssvæði og svæðið sem var skráð.

Skýrsluhöfundur hefur skráð þessi svæði en engar minjar er að finna á ofangreindum svæðum. Á síðastliðnum árum hefur verið unnið að umfangsmikilli skráningu í Garðabæ þar sem allar minjar hafa verið mældar upp og eldri skráningar endurmetnar og lagfærðar þegar þess hefur þurft. Heimildum hefur auk þess verið safnað samhliða því að farið hefur verið á vettvang aftur um allt land Garðabæjar.

Það sem þetta eru bara afmarkaðir reitir var stærra svæði skráð til að sjá hvort minjar væru í kring og mynduðu heild. Á svæðinu voru skráðar sex fornleifar en það eru leiðir, mógrafir,

uppsátur og rétt og eru þær skráðar í stafræna landfræðilega gagnagrunn Garðabæjar. Allar þessar minjar eru horfnar vegna seinni tíma framkvæmda.

Í þessari skýrslu, hjálögðum kortum og skrá yfir fornleifar er leitast við að gefa fullnægjandi upplýsingar til að ljúka megi deiliskipulagsvinnu.



Mynd 2 Skjaskot af landfræðilega skráningargrunninum fyrir fornleifaskráningu í Garðabæ.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangsskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru allar fornleifarnar flokkaðar undir jörðina Hraunsholt enda var svæðið á sínum tíma hluti af þeirri jörð. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf.

Númer minja

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á t.d. „Neðrifossavað [1503]” eða hlutverki þeirra t.d. „mógrafir [1510]”. Hjá sumum minjum er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ. Þessi númer

fylgja öll í meðfylgjandi fornleifaskrá en í skýrslu þessari er látið við sitja að nota einkennisnúmer úr gagnagrunninum.

Sérheiti	Smiðjuhöll
Bæjarnafn	Arnarnes
Jarðatal Johnsen	178
Flokkun	Búsetuminjar
Hlutverk_2	
Tegund	Álagablettur
Leið	
Lengd	10 meter
Breidd	9.5 meter
Hæð	0,6 metrar
Athugasemdir	
Umhverfi	Á lóð Hegranes 24 og honum hefur ekki verið raskað
Áðalsvæði	Arnarnes
Svæði	Arnarnes
Túnakort	<None>
Heimildir	FSI 2009:85, GRG 2001:23
Örnefnaskrá	Ö-Arnarnes, 1
Aldurstímabil	1500-1900
Skrásetjari	RT
Mæling	Uppmælingar
Skráningarár	2014
Skráningardagur	12.06.2014
Horfin	Nei
Horfin_ástæða	<None>
Hættumat	Mikill hættu
Hættuorsök	Vegna framkvæmda
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar
GPS hnit Norður	6405883
GPS hnit Vestur	2155411
Verkefni	Deiliskipulag Arnarnes
Friðað	Já
Gömul númer	GK-178:010

Mynd 3 Skráningarform í grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum. Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild” sé til um t.d. útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, t.d. *Neðri fossavað* [1503], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, t.d. stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo

færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingarkerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhátum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, t.d. vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif loftslags eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættu þegar einungis eru til heimildir um fornleifar og þær fundust ekki við vettvangsskráningu.

Mótvægisáðgerðir

Ef minjar eru í hættu vegna framkvæmda er lagt til að framkvæmdum sé beint frá minjastaðnum. Ef það er ekki hægt er komið með tillögum að mótvægisáðgerðum. Það er þó alltaf Minjastofnun Íslands sem ákveður hvort og með hvaða hætti hvað þarf að gera.

Fornleifar




Troðningar-leið [864] gata leið

Í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar segir: „Troðningarnir voru rétt ofan til við fjöruna vestan við Hraunholtslæk, vestan við Neðrifossa [1503] og Réttartanga [1529]“.¹ Einnig að „[m]oldagöturnar lágu vestan við Troðningana [864] við Hraunsholtslæk og upp með Gálgahrauni að norðaustan, þvert suður frá vesturenda Troðningana“.² Troðningar eru horfnir en sennilega lá leiðin þar sem malbikaður göngustígur er við hraunbrúnina á Garðahrauni og byggð er við ströndinni, fjölbýlishús sem tilheyra Strandvegi og austast við Réttartanga [1529] er búið að landfylla. Leiðina má sjá á Herforingráðskorti frá 1903 og er mæling tekin af því korti. Á kortinu sést líka hvar vaðið [1503] var. Leiðin hefur legið vestur eftir frá sjávarbökkunum frá Neðri fossum. Henni er lýst í fleiri örnefnaskrá.³

¹ Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 145.

² Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 125.

³ Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfthaneshreppi.



Mynd 4 Vinnukort fyrir herforingjaráðskortið.

Neðri fossavað - brú [1503] heimild vað og brú

„Neðri Fossavað: Þar ofan við fossinn var vað svo kallað," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið. Neðri Fossavað var áður á þeim stað þar sem Hraunholtslækur rennur nú undir Sjólandsskóla. Á frumgögnum herforingjaráðskortsins sem var gert árið 1902 sést að trébrú var yfir vaðið á þeim tíma, sjá númer 30 á kortinu. Í dag rennur Hraunholtslækur undir Sjólandsskóla. Neðra Fossavað var brú – vað á leiðinni Troðningar [864]- Alfaraleið út á Álftanes.

Mógrafir - Hraunholtsmýri [1510] heimild

„Mýrin vestan Hraunholtslækjar. Mótak mikið," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi. "Vestur eða norðvestur frá bæ er, niður við sjó, sem hér heitir Arnarnesvogur, mýri, sem nefnd er Hraunholtsmýri. Þar tóku Hafnfirðingar mó áður fyrr. Þessi mýri, sem nú er allmikið komin undir hús og tún, nær svo austur að Hraunholtslæk," segir í örnefnaskrá⁴ Hraunholtsmýri var svæðið vestan Hraunholtslækjar og sést vel á Herforingjaráðskortinu frá 1903 hvar mýrin var. Nú er þetta svæði allt komið undir byggð.

⁴ Ö-Hraunsholt Ari Gíslason.

Ofanmannabúð uppsátur [1520] heimild

„Ofanmannabúð var skipsuppsátur fyrir Hraunsholtsábúendur og ábúendur Vífilsstaða," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar.⁵ Ofanmannabúð var áður þar sem nú stendur Sjálandsskóli, um 720 m norður af Hraunholtsbænum [1474]. Þetta svæði er komið undir byggð og uppfyllingu.

Kænubarð uppsátur [1522] heimild

„Niður undan Strympumel var uppsátur báts frá Hraunsholti," segir í Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftanesi.⁶ "Austan við Vaðið [1503] er fyrst Kænubarð, og þar var Uppsátur," segir í örnefnaskrá GS. Kænubarð var austan við Hraunholtslæk þar sem, hann rennur í Arnarneslækjarvog. Kænubarð er komið undir landfyllingu.

Réttartangi -rétt [1529] heimild um rétt

„Rétt vestan við Neðrifossa [1503] á Hraunholtslæk er Réttartangi eða Aðrekstartangi," segir í Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar.⁷ Gatan Langalína liggur eftir Réttartanga endilöngum. Þessi rétt er horfin og ekki er vitað hvort hún var til staðar áður en byggingaframkvæmdir hófust við Löngulínu á sínum tíma.

Samantekt og niðurstöður

Ekki var að sjá nein merki á yfirborði um minjar á eða í námunda við framkvæmdasvæðið. Er því ólíklegt að þarna leynist nokkuð undir sverðinum enda ekki þekkt að þarna hafi staðið neinar fornleifar. Aðrar minjar sem eru þekktar í kringum þetta svæði eru allar horfnar.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr. mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókn sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

⁵ Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 17.

⁶ Gísli Sigurðsson. Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna.

⁷ Guðlaugur Rúnar Guðmundsson, 16

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Heimildir

- Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1984. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns III. Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útgáfa. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn 1913-17.
- Árni Óla. 1966. *Sagt frá Reykjavík*. Sögukaflar. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja h.f.
- Gísli Sigurðsson. 1964. *Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álftaneshreppi hinum forna: Bessastaðahreppi: Garðahreppi: Hafnarfirði: og Hraunum*.
- Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. 2001. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. Ritröð: Safn til sögu Garðabæjar III. Reykjavík: Prentsmiðjan Grafík.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson (ritstj.). 2009. *Fornleifaskráning í Garðabæ*. Fornleifastofnun Íslands FS414-05192, Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Túnakort Garðahrepps frá 1918-1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Árnastofnun-Örnefnasafn

- Ö-Hraunsholt AG:** Örnefnaskrá Hraunsholts. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hraunsholt GS:** Örnefnaskrá Hraunsholts. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.